



Ljómmynd: Karl Pétursson

## Fangelsi á Hólmsheiði, Nesjavallaleið 9

Fangelsi á Hólmsheiði er gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu fyrir afplánun skemmmri fangelsisrefsinga og vararefsinga. 56 fangaklefar eru í fangelsinu en aðrar einingar fangelsisins eru aðkoma, varðstofur, heimsóknaraðstaða, vinnu- og frístundaaðstaða og stjórnunar- og starfsmannaaðstaða.

<b>Verkkaupi:</b>	Innanríkisráðuneytið
<b>Notandi:</b>	Fangelsismálastofnun
<b>Umsjón og eftirlit:</b>	Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR Örn Baldursson verkefnastjóri Hreinn Sigurðsson verkefnastjóri

<b>Stýrihópur:</b>	Steinn V. Óskarsdóttir formaður, sérfræðingur innanríkisráðuneyti Páll E. Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar Óskar Valdimarsson forstjóri FSR til október 2014 Halldóra Vífilsdóttir forstjóri FSR frá nóvember 2014
--------------------	--

<b>Ráðgjafi á undirbúningsstigi:</b>	Stefán P. Eggertsson verkfræðingur
--------------------------------------	------------------------------------

<b>Hönnun:</b>	Arkís arkitektar ehf Verkís hf Mannvit hf Lota ehf (áður VSÍ)	Bygging og lóð Rafkerfi og öryggishönnun Burðarþol, lagnir og hljóðhönnun Brunahönnun
----------------	--	--

<b>Listskreyting:</b>	Berghall ehf	Anna Hallin og Olga Bergmann
-----------------------	--------------	------------------------------

<b>Verktakar:</b>	Ístak hf ÍAV hf Öryggismiðstöð Íslands hf	Jarðvinna og heimlagin Hús og lóð Öryggis- og samskiptakerfi
-------------------	---	--

<b>Stærðir:</b>	Hús: Lóð: Bílastæði:	3.595 m <sup>2</sup> / 14.516 m <sup>3</sup> 37.400 m <sup>2</sup> 44 stk.
-----------------	----------------------------	--

<b>Kostnaður:</b>	Um 2,7 milljarðar kr.
-------------------	-----------------------

<b>Skóflustunga:</b>	4. apríl 2013
----------------------	---------------

<b>Verktími:</b>	Júní 2013 - júní 2016
------------------	-----------------------

<b>Umhverfissvottun:</b>	Fangelsið á Hólmsheiði verður með umhverfissvottun skv. breska svottunarkerfinu BREEAM í flokknum „Very good“.
--------------------------	--

Markmið verkkaupa með verkefninu að bæta skilyrði til afplánunar fangelsisrefsinga. Fangelsið á Hólmsheiði leysir af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9, sem starfrækt hefur verið í rúm 140 ár, og kvennafangelsið að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi, en hvorugt þeirra uppfyllir nútímakröfur um fangavist. Einnig verður gæsluvarðhaldsdeild í Fangelsinu á Litla-Hrauni lögð niður og aðstaða hennar tekin fyrir afplánun.

Fangelsið markar tímamót í sögu fangelsismála á Íslandi en það er fyrsta fangelsið sem er hannað og byggt sem slíkt síðan Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9 var tekið í notkun árið 1874. Fangelsið á Litla-Hrauni var upphaflega byggt sem Sjúkrahús Suðurlands, en Landsstjórnin keypti bygginguna 1929 og breytti því í fangelsi.